Mýrdalshreppur

# FUNDARGERÐ

## Þriðjudaginn 251. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps 3. mars

Árið 2020, ~~fimmtudaginn 27. Febrúar~~, kom fræðslunefnd Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:06 í grunnskólanum í Vík.

**Fundinn sátu**: Anna Huld Óskarsdóttir formaður, Karl Pálmasson, Salóme Þóra Valdimarsdóttir, Þorbjörg Kristjánsdóttir og Þórey Richardt Úlfarsdóttir sem ritaði fundargerðina í tölvu.
**Að auki sátu fundinn**: Þorbjörg Gísladóttir sveitastjóri, Sveinn Sigurðsson áheyrnafulltrúi leikskóla boðaði forföll og Ólafur Ögmundsson áheyrnafulltrúi skóla er mættur og er staðgengill Sveins. Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri sat fundinn ásamt Elínu Einarsdóttir skólastjóra. Bergný Ösp Sigurðardóttir Leikskólatjóri og Dagný Rut Grétarsdóttir Áheyrnafulltrúi Leikskólakennara.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

16:06 Grunnskóli: Skólastjóri fer yfir stöðu mála.

Skýrsla í viðhengi 1.

i) Starfsmannamál hafa verið óbreytt, enn eru tveir kennarar í veikindaleyfi. Starfsmannasamtöl á næstunni og þá skýrist hverju þarf að huga að fyrir ráðningar næsta skólaárs.

ii) Skólastarfið:
   a. Námsmat miðannar afstaðið, forskólaviðtöl standa yfir.
   b. Árlegt þorrablót skólans var haldið og heppnaðist vel.
   c. Bæði kennarar og nemendur hafa tekið virkann þátt í Lífshlaupinu með virkilega góðum árangri. Gaman er að sjá að börnin eru betur upplögð í skólanum og fara meira út að leika sér en áður og kennararnir góð fyrirmynd.
   d. Nemendur 1-10 bekkjar fóru í sleðaferð í Norður-Víkurtúnið sem nokkurskonar viðurkenningu fyrir góðan árangur í Lífshlaupinu

iii) Endurmenntun:
   a. Einn kennari fór og kynnti sér tæknilausnir sem eru í boði fyrir lesblinda nemendur.
   b. Félagsmálastjóri var með fyrirlestur fyrir alla starfsmenn um barnavernd og tilkynningaskyldu þeirra sem starfa með börnum.
   c. Flestir starfsmenn skólans fara í náms- og kynningaferð til Edmonton í Kanada til að dýpka og viðhalda þekkingu um *Uppeldi til ábyrgðar.*

iv) Annað:
   a. Vinna að skóladagatali 2020-21 er hafin. Huga þarf að starfsdögum fyrir stuðningsfulltrúa, þá er ljóst að verður ekki hægt að hafa dægradvöl opna á þeim dögum.
   b. Stjórnendur hafa áhuga á að skoða að koma upp verkmenntastöðu í skólanum.

AHÓ KP SÞV ÞKÞ

c. Elín ræðir verklagsreglur varðandi veðurviðvaranir. Aldrei eru teknar áhættur varðandi skólaakstur en að örðu leiti er skólinn opinn enda er hann þjónustustofnun. Skólinn hefur lokað við rauðar viðvaranir ef aðstæður eru þannig.
d. Er búin að sækja um ungmennabúðir fyrir haustið á Laugavatni.
e. Fyrirhuguð verkföll, þá fara allir skólaliðar skólans 9,10, mars, og svo tvo daga í vikunni eftir það og endar í alsherjarverkfalli frá 15. Apríl. Þetta þýðir að það er ekki opin forskólinn og ekki dægradvölin.
f. Varðandi dægradvöl forskólabarna, þá verður hún í boði fram að sumarfríi leikskólabarna. Fyrirhugað er að gera foreldrakönnun hver þörfin er eftir sumarfrí og taka ákvörðun út frá því.
g. Stefnt er á að fara til Rasmuss+ ferð til grikklands eftir 3 vikur.

Elín og Kolbrún Ósk víkja af fundi kl 16:32

16:33 Leikskóli: Leikskólastjóri fer yfir stöðu mála

Skýrsla í viðhengi 2.

i) Stefnt er að því að taka inn af biðlistanum í Mars. Tvö börn byrjuðu aðlögun í gær. Og eru núna 19 á leikskólanum.
ii) Þarf aðgera samræmda verkferla milli skóla hvað eigiað gera við slæmum veðurviðvörunum. *Miða við rauða viðvörun.*
iii) Þróunarverkefnið, í vinnslueraðgera handbók yfir bókakost leikskólans og unnið að því að gera bókasafn fyrir skólann sem er flokkað eftir málörvunarviðfangsefnum.
iv) Búið er að samþyggja umbótaáætlun hjá MMS sem þýðir að þeirri vinnu er nú lokið.
    a. Í leikskólanum er ekki rými fyrir sérfræðiþjónustu fyrir börn með sérþarfir
    b. Ekkert vinnurými fyrir starfsfólk
    c. Ekki lokuð setustofa fyrir starfsfólk
v) Dagný sér um íslenskunámskeið fyrir erlenda starfsmenn sem er sérhæft fyrir starfsemi leikskólans.
vi) Nýr starfsmaður byrjaði hjá okkur, núna eru 5 erlendir og 3 íslenskir starfsmenn.
vii) Allt lítur út fyrir verkfall í næstu viku, lokað 9 og 10. Mars. Gert er ráð fyrir að lokað verði á þeim dögum.

16:55 Bergný og Dagný víkja af fundi.

SÞV
HK KP
ÞÞV

16:55 Önnur mál:

Þórey Richardt Úlfarsdóttir er með innsent erindi varðandi dægradvöl fyrir börn í forskóla mýrdalshrepps. Sjá viðhengi 3.

*Varðandi dægradvöl forskólabarna, þá verður hún í boði fram að sumarfríi leikskólabarna. Fyrirhugað er að gera foreldrakönnun hver þörfin er eftir sumarfrí og taka ákvörðun út frá því.*

Hugleiðingar frá formanni

Hafa verið gerðar áætlanir um viðbrögð ef upp kæmi Corona virus / Covid-19 smit í Mýrdalshreppi? Ef svo er hverju má búast við í grófum dráttum, t.d. má búast við að grunn- og leikskóla verði lokað?

- *Skólinn reynir aðhafa eins lágstefnda umræðu um Covid-19 vegna tillitsemi við börnin en huga vela að hreinlæti.*
- *Leikskólinn hugar vel að hreinlæti en annars berst þetta lítið sem ekkert í tal í daglegu starfi.*

Fundi slitið kl. 17:06

Anna Huld Óskarsdóttir

Karl Pálmason

Salóme Þóra Valdimarsdóttir

Þorbjörg Kristjánsdóttir

Þórey Richardt Úlfarsdóttir